

Sp. 254. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um eflingu fiskeldis sem búgreinar á bújörðum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson,
Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að því ótullega að fiskeldi geti orðið búgrein á þeim jörðum sem hafa til þess náttúruleg skilyrði.

Að þessu verði m.a. unnið á eftirfarandi hátt:

1. Kannað verði með skipulegum hætti í hvaða héruðum og á hvaða jörðum finnist nægilegt og heppilegt heitt og kalt vatn.
2. Komið verði á kennslu í matfiskeldi við báða bændaskólana. — Á Hvanneyri verði komið upp matfiskeldisstöð.
3. Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði gert kleift að vinna í sameiningu að rannsóknum og kynbótum í matfiskeldi þar á meðal kynbótum á laxi til eldis í fersku vatni.
4. Leiðbeiningarþjónustu verði komið á í fiskeldi, einkum matfiskeldi, með því að Búnaðartélagi Íslands verði gert kleift að ráða landsráðunaut í matfiskeldi og búnaðarsamböndunum að efla leiðbeiningarþjónustu sína þannig að þau geti einnig sinnt þessari grein meðal bænda sem hafa möguleika til fiskeldis.

Greinargerð.

Engum blandast hugur um að fiskeldi er atvinnugrein sem okkur ber að reyna hér á landi. Margir telja að hér sé um einn vænlegasta kost til nýrrar framleiðslu — atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar — sem völ er á. Leidd hafa verið að því rök að takist okkur að ná góðum tókum á fiskeldi og verða þar samkeppnisfærir geti það gefið þjóðinni stórfelld verðmæti.

Ríkisstjórnin hefur sýnt trú sína á möguleikum til fiskeldis í verki, m.a. með því að útvega fjármagn og greiða fyrir fjárfestingum hjá mörgum og sumum mjög stórum og myndarlegum fiskeldisfyrirtækjum.

Áhugi útlendinga, einkum þó Norðmanna, á því að leggja fjármuni í fiskeldi hér á landi bendir til að þeir telji að hér séu aðstæður á þann veg og möguleikar það miklir að það réttlæti áhættuna sem þeir taka.

Enn er þó margt óljóst um heppilegustu eldisaðferðir, aðstæður og tækni þó að miklu hafi verið kostað til í ýmsum tilfellum. Augljóst er að ef einblínt verður á stórrekstur í

fiskeldi og það *ekki* kannað og reynt hvort *matfiskeldi* í tiltölulega smáum einingum, á stærð við gott fjölskyldubú, getur orðið samkeppnisfær atvinnuvegur, verður fiskeldi ekki sú stoð fyrir æskilega þróun byggðar sem margir væntu.

Að öðru leyti skal vísað til ályktunar búnaðarþings 1986 varðandi þörf fyrir leiðbeiningar í fiskeldi ásamt greinargerð sem fylgdi málinu, sjá fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Erindi stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þörf fyrir leiðbeiningar í fiskeldi (mál nr. 23).

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum:

Búnaðarþing telur fyllilega tímabært að ráðinn verði til Búnaðarfélags Íslands ráðunautur í matfiskeldi.

Því beinir þingið því til stjórnar Búnaðarfélags Íslands að hún vinni að því við stjórnvöld að þetta starf verði viðurkennt með því að fjárveiting fái til þess.

Greinargerð:

Í öllum þeim umræðum, sem nú fara fram um fiskeldi, hefur því of lítill gaumur verið gefinn hvaða möguleikar kunna að vera á því að fiskeldi verði arðvænleg búgrein á bújörðum einstakra bænda sem aðal- eða aukabúgrein.

Mest hafa menn horft til fiskeldis í stórum einingum á vegum fjársterkra aðila, en ekkert mælir gegn því að það geti lánast jafnvel og orðið arðsamt þó að einingarnar séu ekki stærri eða reksturinn umfangsmeiri en sem svarar til fjölskyldubús.

Þeim bændum fer enda mjög fjölgandi sem sýna þessari búgrein áhuga. Nokkrir eru þegar komnir á rekspöl en margir eru með þetta í athugun og undirbúningi svo að mikil þörf er fyrir leiðbeiningar á þessu sviði.

Veiðimálastofnun, sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði, einkum þó í sambandi við seiðaeldi, veitir þessum mönnum gagnlegar upplýsingar og góð ráð eftir því sem hún hefur tök á. Því eru hins vegar takmörk sett hvað hún getur veitt einstökum bændum miklar almennar leiðbeiningar eða unnið að útfærslu einstakra verkefna. Vegna skorts á starfsfé hefur Veiðimálastofnun neyðst til að taka gjald fyrir veitta þjónustu, t.d. við veiðifélög.

Þeir sem hyggja á matfiskeldi eða seiðaeldi þurfa einkum að fá gerðar forathuganir og fá leiðbeiningar á þremur eftirtöldum sviðum:

1. Athuganir á möguleikum á því að fá nægilega gott heitt og kalt vatn og síðan áætlanir um virkjun þess og virkjunarkostnað. Þessi þáttur félli eðlilega að störfum vatnsvirkjaráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

2. Leiðbeiningar um byggingar eldishúsa og útinnannvirkja og tækniþúnað í sambandi við fóðrun og annað. Þessi þáttur er hliðstæður þeim leiðbeiningum sem bygginga- og bútækniráðunautur Búnaðarfélags Íslands veitir nú öðrum búgreinum. Hann mundi í samvinnu við eldisráðunaut geta tekið að sér hönnun bygginga og veitt leiðbeiningar um gerð og fyrirkomulag á eldisaðstöðu.

3. Í þriðja lagi þurfa menn margháttaðar leiðbeiningar í sambandi við matfiskeldið sjálft svo sem um fóðrun, aðbúnað, sjúkdómavarnir, val á eldisfiski (tegundum) og annað er varðar hina líffræðilegu hlið málsins.

Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að til félagsins ráðist maður með góða þekkingu og reynslu á sviði eldismála. Auk þess sem slíkur ráðunautur ynni með tveimur framangreindum ráðunautum Búnaðarfélags Íslands mundi hann hafa nána samvinnu við sérfræðinga Veiðimálastofnunar, bæði þá sem vinna að rannsóknum á þessu sviði og þá starfsmenn hennar er vinna að veiðimálum og fiskrækt í landshlutunum og sinna eldismálum eftir því sem þeir hafa tök á.

Í þriðja lagi gæti ráðunauturinn miðlað þeirri þekkingu og reynslu til bænda sem fengin er og fást mun í vaxandi mæli hjá hinum stóru fiskeldisfyrirtækjum sem ýmist eru þegar starfandi eða munu bráðlega taka til starfa.